

DV

Menning

Vefarar sem friðarboðar

Nýlega lauk í háskólasafninu í Kent, Ohio, sýningu á úrvali bandarískrar og erlendar vefnaðarlistar, Contemporary Woven Work: America and abroad. Safn þetta, sem er tengt listaskólanum við Kent State-háskólann, hefur látið sig vefjarlist miklu varða enda hefur Ohio löngum verið mikilvæg miðstöð vefnaðar.

Ellefu veflistarmönnum var boðið, til þátttöku í sýningunni, fimm bandarískum og sex erlendum. Meðal þeirra var Ásgerður Búa-dóttir en af öðrum má nefna Olgu De Amaral frá Kólombíu, Shigeo Kubota frá Japan, Margot Rolf frá Hollandi, Lilian Tyrrell frá Bretlandi og Ewu Latkowska-Zychska frá Póllandi en margir þeirra eru taldir í fremstu röð nútíma veflistarmanna.

Gefin var út vönduð sýningar-skrá þar sem þátttakendur voru vel kynntir en í sambandi við sýninguna voru fluttir fyrirlestrar og haldnir umræðufundir um listheimspekileg efni í sambandi við

Veflist Aðalsteinn Ingólfsson

vefjarlist og um listamanninn sem græðara og friðarboða (The Artist as Healer and Peacemaker) en þau erindi flutti D. Mazeud, fyrrverandi forstöðumaður Nútíma veflistarsafnsins í New York. Sýningin var vel sótt og vakti athygli.

Þeir sem um sýninguna rita leggja áherslu á sívaxandi þátt vefnaðar í myndlist nútímans. „Vefstóllinn er þessum listamönnum tæki til þess að tjá persónulega sköpunarþörf sína og sannfæringu. Samt sem áður virða þeir hina ströngu takmörkun vefjarins, rytma og endurtekningu. Tilgangur þessarar sýningar er einmitt sá að leiða fram möguleika þessarar tækni jafnframt ferskri, listrænni sýn,“ segir í einni kynningu á sýningunni. AI



Að loknum vinnudegi á stefnufundi skálda og þýðenda í Köln. Frá vinstri: Rolf Haufs, Ursula Krechel, Jürgen Becker, Friederike Roth, Arthúr Björgvin Bollason, Johann P. Tammen (ritstjóri tímaritsins „Die Horen“), Eysteinn Þorvaldsson, Franz Gíslason og Wolfgang Schiffer. Á myndina vantar Kristján Árnason. Ljósmynd Anita Schiffer-Fuchs.

Ljóðlist og þýðingar

Fundur skálda og ljóðapýðenda í Köln

Í síðustu viku var efnt til fundar þýskra ljóðskálda og íslenskra ljóðapýðenda í Köln í Vestur-Þýskalandi. Tilefnið er væntanlegt úrval þýskra nútímaljóða í íslenskri þýðingu. Sú bók er væntanleg á fyrri hluta næsta árs og verða í henni ljóð eftir 20 skáld.

Sjö íslenskir þýðendur annast meginhluta þýðinganna og fjórir þeirra sóttu fundinn í Köln, þ.e. þeir Kristján Árnason, Eysteinn Þorvaldsson, Arthúr Björgvin Bollason og Franz Gíslason. Í Köln var komið á stefnufundi þar sem nokkur þýsku skáldanna og íslensku þýðendurnir báru saman bækur sínar, ræddu ljóðin og vandamál þýðinga. Þetta reyndist ákjósanlegt verklag og mjög fróðlegt fyrir báða aðila, ekki síst gafst gott tækifæri fyrir þýðendur að

Bókmenntir Aðalsteinn Ingólfsson

greiða úr vafamálum og að staðfesta ýmis stílbrögð sem auðvitað verður að leitast við að flytja yfir á annað mál í þýðingu.

Ljóðakynning
Að kvöldi 8. júní var svo efnt til ljóðadagskrár í samkomusal borgarbókasafnsins í Köln. Þar lásu fjögur þýsk skáld upp úr ljóðum sínum: Ursula Krechel, Rolf Haufs, Friederike Roth og Jürgen Becker. Fundargestir fengu einnig að heyra hvernig sum ljóðanna hljóma á íslensku. Húsfyllir var á þessu ljóða-

kvöldi og eftir upplesturinn beindu samkomugestir fjölmörgum spurningum til skálda og þýðenda. Sérlega mikill áhugi reyndist vera á íslenskri ljóðagerð og sérkennum hennar.

Wolfgang Schiffer, skáld og leiklistarstjóri Vesturþýska útvarpsins í Köln, hefur haft veg og vanda af undirbúningi þessarar nýju bókar þýskra ljóða í íslenskri þýðingu. Hann skipulagði stefnufundinn og stjórnaði ljóðakvöldvökunni sem þótti takast mjög vel. Schiffer er mörgum hér á landi að góðu kunnur. Fyrir tveimur árum sá hann, ásamt Franz Gíslasyni, um útgáfu á veglegu hefti tímaritsins „Die Horen“ þar sem birtust þýskar þýðingar á íslenskum nútímabókmenntum.

Nauðungaruppboð annað og síðara á eftirtöldum fasteignum fer fram í dómsal embættisins, Skógarhlíð 6, 3. hæð, á neðangreindum tíma:

Baldursgata 32, þingl. eig. Erla Dagmar Ólafsdóttir o.fl., föstud. 24. júní '88 kl. 13.45. Uppboðsbeiðendur eru Útvegsbanki Íslands hf., Baldur Guðlaugsson hrl. og Veðeild Landsbanka Íslands.

Barónsstígur 11A, jarðhæð, þingl. eig. Prentþúsió sf., föstud. 24. júní '88 kl. 13.30. Uppboðsbeiðandi er Iðnlána-sjóður og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Bauganes 44, hluti, þingl. eig. Helgi Jónsson og Jytte M. Jónsson, föstud. 24. júní '88 kl. 14.00. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Anna Theódóra Gunnarsdóttir hdl.

Bergstaðastræti 19, hluti, þingl. eig. E.M. Africo Neytendapjónusta sf., föstud. 24. júní '88 kl. 14.15. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Bíldshöfði 16, kjallari, þingl. eig. Steintak hf., föstud. 24. júní '88 kl. 14.30. Uppboðsbeiðandi er Iðnlána-sjóður.

Borgartún 31, þingl. eig. Sindra-Stál hf., föstud. 24. júní '88 kl. 14.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Bólstaðarhlíð 8, 2. hæð og ris, þingl. eig. Olgeir Kristjánsson og Rut Þorsteinsd., föstud. 24. júní '88 kl. 14.15. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Bólstaðarhlíð 54, 3. hæð t.v., þingl. eig. Lárus Þórir Sigurðsson, föstud. 24. júní '88 kl. 14.30. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Hallgrímur B. Geirsson hdl. og Búnaðarbanki Íslands.

Dúfnahólar 2, hluti, talinn eig. Finn-boga Kristjánsdóttir, föstud. 24. júní '88 kl. 15.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Eldshöfði 2, talinn eig. Aðalbraut hf., föstud. 24. júní '88 kl. 15.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Grýtubakki 12, hluti, þingl. eig. Benedikt Pálsson, föstud. 24. júní '88 kl. 10.45. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Sigurður Georgsson hrl. og Reynir Karlsson hdl.

Hagamelur 33, kjallari, þingl. eig. Lára H. Einarisdóttir, föstud. 24. júní '88 kl. 11.00. Uppboðsbeiðandi er Veðeild Landsbanka Íslands.

Hjaltabakki 10, 3. hæð t.v., þingl. eig. Helga Óskarsdóttir, föstud. 24. júní '88 kl. 11.00. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Veðeild Landsbanka Íslands.

Hólaberg 46, þingl. eig. Jóhann J. Helgason, föstud. 24. júní '88 kl. 10.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Hringbraut 37, 3. hæð t.h., þingl. eig. Anna Guðmundsdóttir, föstud. 24. júní '88 kl. 11.15. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Veðeild Landsbanka Íslands.

Hrisateigur 41, þingl. eig. Sigmar Pétursson, föstud. 24. júní '88 kl. 10.30. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Atli Gíslason hdl., Ólafur Axelsson hrl., Ólafur Garðarsson hdl., Guðni Haraldsson hdl., Tómas Þorvaldsson hdl., Ásgeir Thoroddsen hdl., Magnús Norðdahl hdl., Eggert B. Ólafsson hdl., Veðeild Landsbanka Íslands, Othar Örn Petersen hrl. og tollstjórinn í Reykjavík.

Hverfisgata 50, 4. og 5. hæð, þingl. eig. Victor J. Jacobsen og Þórhildur Jónsd., föstud. 24. júní '88 kl. 11.30. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík.

Hverfisgata 68A, 1. hæð, þingl. eig. Ingibjörg Jóhannsdóttir, föstud. 24. júní '88 kl. 11.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Hverfisgata 82, 4. hæð, vestur, þingl. eig. Ólöf B. Waltersdóttir, föstud. 24. júní '88 kl. 11.45. Uppboðsbeiðendur eru Klemens Eggertsson hdl., Jón Ingólfsson hdl., Landsbanki Íslands og Róbert Árni Hreiðarsson hdl.

Kamsvegur 29, efri hæð, þingl. eig. Þorsteinn Guðlaugsson, föstud. 24. júní '88 kl. 13.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Tungusel 11, íb. 1-2, þingl. eig. Guðný E. Kristinsdóttir, föstud. 24. júní '88 kl. 10.30. Uppboðsbeiðendur eru Róbert Árni Hreiðarsson hdl., Skúli J. Pálmason hrl., Veðeild Landsbanka Íslands, Gjaldheimtan í Reykjavík, Búnaðarbanki Íslands og Guðjón Ármann Jónsson hdl.

Nauðungaruppboð þriðja og síðasta á eftirtöldum fasteignum:

Grundarstígur 24, 1. hæð, þingl. eig. Hótel Reykjavík hf., fer fram á eigninni sjálfri föstud. 24. júní '88 kl. 15.30. Uppboðsbeiðendur eru Eggert B. Ólafsson hdl., Verslunarbanki Íslands hf. og Skúli Bjarnason hdl.

Grundarstígur 24, 2. hæð, þingl. eig. Hótel Reykjavík hf., fer fram á eigninni sjálfri föstud. 24. júní '88 kl. 15.45. Uppboðsbeiðendur eru Eggert B. Ólafsson hdl. og Skúli Bjarnason hdl.

Grundarstígur 24, kjallari, þingl. eig. Hótel Reykjavík hf., fer fram á eigninni sjálfri föstud. 24. júní '88 kl. 16.15. Uppboðsbeiðendur eru Eggert B. Ólafsson hdl. og Skúli Bjarnason hdl.

Grundarstígur 24, ris, þingl. eig. Hótel Reykjavík hf., fer fram á eigninni sjálfri föstud. 24. júní '88 kl. 16.00. Uppboðsbeiðendur eru Eggert B. Ólafsson hdl. og Skúli Bjarnason hdl.

Kamsvegur 30, hluti, þingl. eig. Guðjón Þór Ólafsson, fer fram á eigninni sjálfri föstud. 24. júní '88 kl. 17.30. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Ólafur Axelsson hrl., Skúli Pálsson hrl. og Sigurður I. Halldórsson hdl.

Kleppsvegur 26, 4.t.v., þingl. eig. Birgir Helgason og Sigrún Guðmundsdóttir, fer fram á eigninni sjálfri föstud. 24. júní '88 kl. 18.00. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Ólafur Guðlafsson hrl., Innheimtustofnun sveitarfélaga, Brynjólfur Kjartansson hrl., Róbert Árni Hreiðarsson hdl., Klemens Eggertsson hdl., Ólafur Axelsson hrl., Verslunarbanki Íslands hf., Jón Ingólfsson hdl., Valgeir Pálsson hdl., Veðeild Landsbanka Íslands og Hróbjartur Jónatansson hdl.

Laufásvegur 45b, þingl. eig. Veturliði Gunnarsson, fer fram á eigninni sjálfri föstud. 24. júní '88 kl. 16.45. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldskil sf., Gjaldheimtan í Reykjavík, Ólafur Garðarsson hdl. og Ólafur Axelsson hrl.

BORGARFÓGETAEMBÆTTIÐ Í REYKJAVÍK